

Félagsmálaráðuneyti
Gissur Pétursson, ráðuneytisstjóri
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Efni: Tilkynning um úttekt á innleiðingu og framkvæmd sveitarfélaga á lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

Félagsmálaráðherra skipaði þann 21. janúar 2021 starfshóp um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Með tölvupósti sem barst 1. mars 2021 óskaði starfshópurinn eftir því að Ríkisendurskoðun gerði úttekt á framkvæmd sveitarfélaga á umræddum lögum. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur samþykkt að bera kostnað vegna stjórnarsýsluúttektarinnar sbr. tölvupóst sem móttekin var þann 6. apríl 2021.

Ríkisendurskoðun hefur ákveðið að verða við framangreindri beiðni sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Úttektin mun beinast að innleiðingu og framkvæmd sveitarfélaga á lögum nr. 38/2018 og hvernig félagsmálaráðherra hefur sinnt yfirstjórnar- og eftirlitshlutverki sínu skv. 4. gr. laganna. Skoðað verður hvort brestir hafi verið á innleiðingu laganna eða í framkvæmd sveitarfélaganna, hvernig sveitarfélögin sinna leiðbeiningarskyldu sinni og hvort markmiðum laganna sé náð. Fyrirhugað er að skila skýrslu til félagsmálaráðuneytis og áður nefnds starfshóps í byrjun september nk. Tengiliður félagsmálaráðuneytisins er Þór Hauksson Reykdal.

Í ljósi þess að málefni sveitarfélaga falla ekki undir ákvæði laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, þarf öll gagnaöflun að fara fram með milligöngu félagsmálaráðuneytis sbr. 4. gr. laga nr. 38/2018 og ákvæði reglugerðar nr. 1036/2018, um eftirlit og eftirfylgni vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Með vísan til framangreinds fer Ríkisendurskoðun fram á að félagsmálaráðuneyti afli svara frá sveitarfélögunum við meðfylgjandi spurningum í viðauka I með bréfi þessu. Jafnframt fer Ríkisendurskoðun fram á að félagsmálaráðuneyti svari spurningum sem fylgja í viðauka II. Í ljósi þess skamma tíma sem Ríkisendurskoðun hefur til að skila skýrslu er þess óskað að svör við spurningunum liggi fyrir eigi síðar en 28. maí nk.

Allar frekari upplýsingar veita Guðrún Jenný Jónsdóttir (gudrun.jenny.jonsdottir@rikisendurskoedun.is) og Birgitta Arngrímsdóttir (birgitta.arngrimsdottir@rikisendurskodun.is).

Virðingarfyllst,

Skúli Eggert Þórðarson

Guðrún Jenný Jónsdóttir

Afrit send:
Samband íslenskra sveitarfélaga
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Viðauki I

Spurningar til sveitarfélaga

1. Hvernig var samráði háttað við sveitarfélagið við undirbúning laga nr. 38/2018 og með hvaða hætti var sveitarfélaginu leiðbeint af hálfu félagsmálaráðuneytis um innleiðingu laganna?
2. Hvaða reglur og/eða leiðbeiningar voru í gildi hjá sveitarfélaginu varðandi þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir við gildistöku laga nr. 38/2018?
3. Með hvaða hætti var reglum og/eða leiðbeiningum sveitarfélagsins breytt við gildistöku laganna? Tóku nýjar reglur og/eða leiðbeiningar gildi strax við gildistöku laganna eða hafa nýjar reglur eða leiðbeiningar verið settar frá því lögin tóku gildi?
4. Með hvaða hætti hefur sveitarfélagið tryggt að lögum nr. 38/2018 er fylgt innan sveitarfélagsins og að sveitarfélagið uppfylli þær skyldur sem lögin leggja því á herðar? Hvernig hefur framkvæmd sveitarfélagsins á lögnum verið háttað?
5. Að mati sveitarfélagsins, hefur eitthvað staðið í vegi fyrir nýjum eða endurskoðuðum reglum/leiðbeiningum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir eða framkvæmd á skyldum sveitarfélagsins samkvæmt lögum nr. 38/2018?
6. Hafa komið upp álitamál eða kærur er varða framkvæmd sveitarfélagsins á lögum nr. 38/2018? Hvernig hefur verið unnið úr slíku?
7. Hver er reynsla sveitarfélagsins af yfirstjórnar- og eftirlitshlutverki félagsmálaráðuneytis skv. lögum nr. 38/2018?
8. Óskað er eftir afriti af gögnum, minnisblöðum, bréfum, t-póstum o.p.h., er varða innleiðingu sveitarfélagsins á lögum nr. 38/2018 og framkvæmd laganna, þ.m.t. útgáfu reglna/leiðbeininga eða endurskoðun þeirra.

Viðauki II

Spurningar til félagsmálaráðuneytis

1. Með hvaða hætti gerði félagsmálaráðuneyti ráðstafanir til að tryggja sem best innleiðingu sveitarfélaga á lögum nr. 38/2018?
2. Hvernig hefur yfirstjórnar- og eftirlitshlutverki ráðuneytisins verið háttað skv. 4. gr. laganna?
3. Hvaða leiðbeiningar um túlkun laganna og stjórnsýslu sveitarfélaga á þessu sviði hefur ráðuneytið gefið út frá gildistöku laganna?
4. Hefur ráðuneytið gefið út álit um lögmæti athafna eða athafnaleysis sveitarfélaga frá gildistöku laganna eða annarra álitamála sem fram hafa komið í eftirliti þess?
5. Hefur ráðuneytið gert sveitarfélagi að koma með tillögur til úrbóta og/eða gert tillögur til sveitarfélags um úrbætur á þjónustu þar sem þess er þörf?
6. Með hvaða hætti hefur ráðuneytið stuðlað að samræmingu þjónustu á grundvelli laganna innan og milli sveitarfélaga?
7. Með hvaða hætti hefur ráðuneytið haft umsjón með gerð þjónustu- og gæðaviðmiða í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og hagsmunasamtök fatlaðs fólks?
8. Upplýsingar óskast um ágreiningsmál, kærur, dóma o.þ.h. sem tengjast lögum nr. 38/2018 og framkvæmd þeirra hjá ráðuneytinu og sveitarfélögum.
9. Óskað er eftir afritum af öllum gögnum, þ.m.t. minnisblöðum, bréfum, t-póstum o.s.frv., sem tengjast samskiptum ráðuneytisins við sveitarfélög um innleiðingu laga nr. 38/2018, leiðbeiningum þar að lútandi og eftirliti/eftirfylgni ráðuneytisins.

Undirritunarsíða

Skúli Eggert Þórðarson

Guðrún Jenný Jónsdóttir